

Þriðjudaginn 13. ágúst 2019, kom Fræðslunefnd Húnavatnshrepps saman til fundar.
Var fundurinn haldinn á skrifstofu Húnavatnshrepps.

Fundurinn hófst klukkan 16:15

Mætt voru: Brynjólfur Friðriksson, Erla Gunnarsdóttir, Kristín Rós Sigurðardóttir, Víðir Már Gíslason, Jóhann Hólmar Ragnarsson, Ingvar Björnsson, Kristín Jóna Sigurðardóttir, Sigríður B. Aadnegard, skólastjóri og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri

Einar Kristján Jónsson ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning:

- a. Brynjólfur Friðriksson, formaður setti fundinn og lagði fram dagskrá.

2. Bréf til umfjöllunar:

- a. Fyrir fundinum lá bréf frá Ólafi Magnússyni og Ingu Sóleyju Jónsdóttur, Sveinsstöðum, þar sem þess er óskað að börn þeirra þrjú verði flutt frá Húnavallaskóla yfir í Blönduskóla, Blönduósi fyrir skólaárið 2019 til 2020.
- i. Nefndin vísar erindinu til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar. Jafnframt vill nefndin að sveitarstjórn, skoði í samráði við önnur sveitarfélög í Austur-Húnavatnssýslu, víðari samrekstur grunnskóla í Austur-Húnavatnssýslu, vegna fækkunar nemenda í skólanum.

3. Starfsmannamál í grunn- og leikskólum:

- a. Skólastjóri gerði grein fyrir starfsmannamálum.

i. Grunnskóli:

1. Ein umsókn hefur borist um íþróttakennarastöðuna frá Daníel Smára Guðmundssyni.
- a. Skólastjóra falið að ganga frá ráðningu Daníels Smára.
2. Auglýst var að nýju, starf skólaliða og er umsóknarfrestur til 15. ágúst 2019.
- a. Ein umsókn hefur borist nú þegar.

ii. Leikskóli:

1. 19 börn verða á leikskólanum í vetur.
- a. Auglýst voru að nýju, störf við leikskólann og er umsóknarfrestur til 15. ágúst 2019.
- i. Tvær umsóknir hafa borist nú þegar.

- b. Skólastjóri greindi frá öðrum atriðum sem viðkemur upphafi skólaárs.

B.F.
SBA
EG.
IB
KRS
KJS
VMA
JAR

4. Afmælishátíð Húnavallaskóla:

- a. *Formaður gerði grein fyrir því að afmælishátíð Húnavallaskóla yrði frestað fram yfir áramót, en þá eru liðin 50 ár frá vígslu skólans.*


5. Önnur mál:

- a. *Ekkert var bókað undir þessum lið.*


Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 17:55


Brynjólfur Friðriksson


Víðir Már Gíslason


Jóhann Hólmar Ragnarsson


Kristín Rós Sigurðardóttir


Erla Gunnarsdóttir


Kristín Jóna Sigurðardóttir


Sigríður Aadnegard


Einar Kristján Jónsson


Ingyar Björnsson